



# Áveitan

7. tbl. 17. árgangur. Júlí 2023

## Fjölskylduganga kringum Ölkelduhnúk

Nú er komið að fyrri göngudegi Þjótanda á þessu sumri en hann er sunnudaginn 16. júlí. Gengið verður frá Ölkelduhálsi 3,5 km hringur í kringum Ölkelduhnúk með viðkomu í heitu lauginum í Reykjadal.

Ekið er upp Kambana og beygt til hægri á Hellisheiðinni þar sem stendur Ölkelduháls. Þar er ekið eftir malarlóða í um 15-20 mínútur. Vegurinn er fær jeppum og jepplingum en ekki fólksbílum. Bílunum er lagt á góðu plani efst á hálsinum og þaðan er síðan gengið vestan megin við hnúkinn þar til komið er niður í Reykjadal. Þar verður stoppað til þess að borða nesti og þeir sem vilja geta vaðið eða baðað sig í Reykjadalsánni. Þegar allir hafa baðað sig og borðað er gengið upp austan megin við hnúkinn eftir stíkaðri leið þar til kemur aftur að bílastæðinu á Ölkelduhálsi. Leiðin er fær öllum duglegum krökkum allt niður í 5/6 ára og allir foreldrar ættu að fara létt með þetta líka.

Gengið verður frá bílastæðinu á Ölkelduhálsi kl 14. Athugið að ferðatíminn á malarveginum getur verið mjög misjafn eftir bílum og aksturslagi, þannig að best er að hafa tímann fyrir sér.

Við vonum að sem flestir nýti sér þetta frábæra tækifæri til að komast í skemmtilega göngu um afar fallett landssvæði. Gott nesti er auðvitað lykilatriði í svona ferð og svo er sniðugt að vera með handklæði í bakpokanum og jafnvel sundfatnað fyrir sullið í ánni.

Stjórn Umf. Þjótanda

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.

halla@floahreppur.is

845-9719

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

odnyasa@floaskoli.is

865-5692

## Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.



Þegar síðasti pistill var skrifaður var fjölskyldu- og menningar-hátíðin Fjör í Flóa að bresta á.

### Fjör í Flóa

Hátíðin fór fram dagana 2.-3. júní síðastliðinn og tókst vel í alla staði. Viðburðir voru vel sóttir og sama á við um opnu húsin sem haldin voru víða um sveitarfélagið. Gestir brostu út að

eyrum og nutu þess að hitta aðra og eiga saman góðar stundir. Gríðarlega góð þátttaka var í fjölskyldugöngunni meðfram bökkum Hvítár ofan Langholts og Hallanda. Veðrið lék við okkur og þeir sem þangað mættu nutu útiveru og hreyfingar í fallegu umhverfi. Agnes Harpa og Agnes Björg frá Langholti leiddu gönguna og fluttu ýmsan fróðleik um svæðið um leið. Berglind Björk



og Davíð Ingi á Ármótsflöt buðu svo gestum í opið hús eftir gönguna og buðu upp á hressingu. Ég þakka þeim öllum hér með kærlega fyrir sitt framlag.

Dagskráin á laugardeginum hófst á jóga í Félagslundi en þangað mættu þónokkrir og byrjuðu daginn með góðri heilsueflingu fyrir líkama og sál sem var gott veganesti inn í þá dagskrá sem fram fór á laugardeginum. Vel gekk hjá kvenfélögunum að selja girnilegar kökur og kræsingar og vöfflurnar ruku út. Ungmennafélagið Þjótandi stóð fyrir fjölbreyttri dagskrá og var metþátttaka í kökuskreytingakeppninni. Hjólarallý var nýtt á dagskrá og var einnig góð þátttaka í því og mjög gaman að fylgjast með þátttakendum á öllum aldri þeysast um á hjólunum. Pylsusalan gekk vel og krakkar nýttu sér andlitsmálun og settu þannig enn líflegri lit á samkomuna. Trúðurinn Wally mætti í Þingborg og skemmti fólki á öllum aldri með sínum trúðslátum, söngkonan Fríða Hansen mætti einnig og söng sig inn í hug og hjörtu viðstaddra. Sölubásar, málverkasýningar, leiktæki, vélasýningar og annað sem fyrir augu bar tókst vel á heildina litið. Tónlistarveislan á laugardagskvöldinu og grillsmakkið tókst líka vel þó að vissulega hefði verið gaman að sjá fleiri mæta þangað. Það voru SS og Hestafl verktakar ehf. sem gáfu kjöt í grillsmakkið í ár.

Á bakvið hátíð sem þessa liggja margar vinnustundir þeirra sem að undirbúningnum koma. Fulltrúar í Íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps eiga stórt hrós og þakklæti skilið fyrir óeigingjarna vinnu við að móta skemmtilega dagskrá fyrir okkur hin. Fólkið okkar í ungmennafélaginu og kvenfélögunum vinnur ómetanlegt starf fyrir samfélagið okkar og eiga risastóran þátt í hátíðinni og því samfélagi sem við búum í hér í Flóahreppi. Allir sem opnuðu hús sín og fyrirtæki fyrir íbúum og öðrum gestum eiga líka þakkir skildar fyrir sitt framlag. Og svo síðast en ekki síst allir þeir gestir sem lögðu leið sína á viðburði og í

Flóahrepp til að taka þátt, án ykkar verður svona hátíð ekki að veruleika.

## Íþróttafólk ársins 2022

Á Fjöri í Flóa voru veitt verðlaun fyrir íþróttafólk Flóahrepps fyrir árið 2022. Í ár hlaut skólahreystilið Flóaskóla verðlaunin en það eru þau Auðunn Ingi Davíðsson, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Þórunn Ólafsdóttir. Þau sýndu það og sönnuðu að góðum árangri er hægt að ná þrátt fyrir að koma ekki úr stærsta skólanum.



Það er metnaðurinn, dugnaðurinn, áhuginn og þrautseigjan sem skilar árangri. Við erum öll gríðarlega stolt og ánægð með unga fólknið okkar sem á framtíðina fyrir sér. Að sýna dugnað og þrautseigju mun skila þeim árangri í lífinu. Innilega til hamingju með kjörið.

## Hreinsunarátak og fegrun umhverfis

Sveitarfélagið stóð fyrir opinni viku á gámasvæðinu okkar í Hrísmýri dagana 27. maí – 3. júní. Íbúar nýttu vikuna vel og töluvert magn af ýmiskonar úrgangi skilaði sér inn á svæðið þessa daga. Íslenska gámafélagið tekur saman upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem skilaði sér þessa viku og verður áhugavert að sjá þær upplýsingar.

Lóðarleiguhafar á iðnaðarsvæðinu í Heiðargerði hafa nú fengið

skrifleg tilmæli frá sveitarfélaginu um að bæta umgengni á svæðinu, sem er í sumum tilfellum ábótavant. Einhver tiltekt er nú þegar hafin þar og bindum við vonir við að lóðarleiguhafar bregðist skjótt við þeim tilmælum að gera umbætur í þessum málum.

### **Hátíðarhöld á 17. júní**

Haldið var að mestu í fastar hefðir í Flóahreppi á þjóðhátíðardaginn. Sú nýbreytni var þó að sveitarstjóri keyrði út veglegar morgunverðarkörfur, í boði sveitarfélagsins, til allra íbúa sem eru 90 ára og eldri í sveitarfélaginu. Heimsóknirnar voru gefandi og skemmtilegar og



frábært að fá tækifæri til að hitta elstu íbúana okkar. Alls eru 7 íbúar í Flóahreppi sem hafa náð 90 árum þegar þetta er skrifað. Hátíðardagskrá, fótboltakeppni og leikir voru í Einbúa, útivistarsvæði ungmennafélagsins Þjótanda. Veðrið lék við gesti og hjálpaði það mikið til við að mynda léttu og þægilega stemmningu. Svæðið í Einbúa er einstaklega fallegt og skemmtilegt og hvet ég íbúa til að nýta sér það til útivistar. Ávarp fjallkonu var á sínum stað en í ár var það Kristín Lilja Sigurjónsdóttir í Egilsstaðakoti sem flutti ljóðið Flóavísur eftir Gísla Halldórsson. Halla Kjartansdóttir í Ölvisholti flutti ræðu

nýstúdenta en hún lauk námi í múraraiðn á dögnum. Hafdís Gígja í Uppsölum flutti nokkur lög og brekkan tók undir. Fréttir og myndir frá 17. júní má finna á heimasíðu Flóahrepps.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps fyrir árið 2023 voru veitt á hátíðarhöldum í Einbúa. Í ár voru verðlaun veitt fyrir heimili og fyrirtæki. Hjónin

Sigurður og Bjarnheiður á Neistastöðum 1 hlutu verðlaun fyrir heimili og Hurðarbaksbúið ehf. hlaut verðlaun í flokki fyrirtækja og tóku hjónin Fanney og Reynir á mótí verðlaununum. Í verðlaun var



viðurkenningarskjal frá sveitarfélaginu ásamt fallegum úlfareyni frá gróðrastöðinni Kjarri í Ölfusi. Að auki verður sett upp merki við bæi verðlaunahafa.

### **Vinnuskóli Flóahrepps sumarið 2023**

Gengið var frá ráðningu flokkstjóra í byrjun júní og eru það Árni Geir og Guðmunda Bríet sem taka að sér flokkstjórn í sumar. Árni Geir er yfirflokkstjóri og sér um skipulag vinnunnar. Alls eru 29 unglingar skráðir í vinnu hjá okkur í sumar. Í júní hafa þau unnið hin ýmsu störf svo sem við aðstoð á leikjanámskeiði Þjótanda, aðstoðarmenn í Krakkaborg og svo við umhirðu og fegrun umhverfisins. Starfstími unglinganna nær fram í síðari hluta júlímánaðar.

## Hin ýmsu verkefni sveitarstjóra

Verkefni sveitarstjóra eru fjölbreytt. Í liðnum mánuði hefur verið gengið frá ýmsum samningum svo sem vegna refaveiða og grenjavinnslu og samningum við skólabílstjóra vegna skólaaksturs. Útboð vegna styrkingar á neysluvatnslögn voru opnuð í lok mánaðar. Auglýst var eftir aðila til að sinna smölnun á ágangsfé í sveitarfélaginu og í bréf er væntanlegt á sauðfjäreigendur með kynningu á gildandi fjallskilasamþykkt og hvatningu til þess að halda fé innan girðinga. Gengið var frá ráðningu á flokkstjórum vinnuskólans og vinnuskólanum komið af stað og sumarafleysing í félagsheimilunum hefur verið leyst ákveðna daga í júlí-ágúst.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga kom í heimsókn í Flóahrepp á dögnum og tók sveitarstjóri á móti hópnum og sagði þeim aðeins frá sveitarfélaginu og fór með þeim í nokkrar heimsóknir.



Undirbúningur og úrvinnsla sveitarstjórnarfunda þarf sinn tíma í hverjum mánuði og fjölmörg mál sem snúa að skipulags-, bygginga- og leyfismálum koma inn á borð sveitarstjóra. Regluleg samskipti við Vegagerðina eru vegna samgöngumála og viðhaldsþarfar í sveitarfélaginu og þar þurfum við að halda

áfram að þrýsta á meira fjármagn frá ríkinu til að vegasamgöngur hér í sveitarfélaginu færist nær nútímanum.

Sveitarstjóri hefur sótt fundi vegna loftslagsstefnu, samráðsfundi með Vegagerð vegna vegtenginga og lagna vegna nýrrar Ölfusárbrúar og fundað með Markaðsstofu Suðurlands vegna málefna sveitarfélagsins. Sveitarstjóri situr í stjórn Fræðslunets Suðurlands og í Almannaþingarnefnd Árnassýslu og voru haldnir stjórnarfundir þar í mánuðinum. Aukaaðalfundur Bergrisans bs. var sóttur ásamt aðalfundi Eignarhaldsfélags Suðurlands ásamt áhugaverðum samráðfundi um landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Framkvæmdir við Urriðafoss hafa verið teknar út og lokaskýrsla vegna þeirra framkvæmda hefur verið send á Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Þó að fundir og úrvinnsla mála sem koma inn á borð sveitarstjóra alla daga taki mikinn tíma þá er það að mínu mati einn mikilvægasti og skemmtilegasti þáttur starfsins að taka á móti íbúum, símtölum og erindum frá íbúum. Að fá að heyra skoðanir og sjónarmið þeirra sem hér búa skiptir miklu máli til að móta það samfélag sem við viljum búa í og halda áfram að móta. Nú er brátt ár frá því undirrituð tók við starfi sveitarstjóra í Flóahreppi og hefur þetta ár verið annasamt og lærdómsríkt. Framundan eru mörg skemmtileg verkefni sem verður gaman að takast á við í samvinnu við íbúa sveitarfélagsins.

### **Sumarlokun skrifstofu**

Á fundi sveitarstjórnar þann 6. júní var samþykkt að sumarlokun skrifstofu í Þingborg verði eftirfarandi sumarið 2023:

- 10. júlí – 21. júlí: Skrifstofa lokuð vegna sumarleyfa.
- 24. júlí – 27. júlí: **Skrifstofa opin frá 9:00-13:00.** Lokað eftir kl. 13:00 vegna sumarleyfa.
- 28. júlí – 7. ágúst: Skrifstofa lokuð vegna sumarleyfa.



Hefðbundin opnun skrifstofu verður frá og með þriðjudeginum 8. ágúst.

**Minnt er á vaktsíma vatnsveitu: 862-6848 – sótt er um ný tengingar á heimasíðu Flóahrepps.**

**Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:**

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

**Næsti fundur sveitarstjórnar:**

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 4. júlí kl. 9:00 Þingborg.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG**  
**Flóahreppur**

# FRISBÍGOLF



**MIDVIKUDAGINN 5. JÚLÍ KL. 20:00**

Heilsueflandi samfélag, ungmennaráð Flóahrepps og Flóaskóli bjóða upp á kennslu í frisbígolfi 5. júlí kl. 20:00 á svæðinu við Flóaskóla og Þjórsárver.

Nýju körfurnar frá VIG verða vígðar formlega með skemmtilegri keppni þar sem verðlaun verða í boði.

Árni Sigurjónsson þrefaldur íslandsmeistari og kennari í frisbígolfi mætir á svæðið ásamt Elmari Viðarssyni kennara.

Mætum sem flest og lærum tæknina þannig að við getum nýtt okkur þessa frábæru aðstöðu sem við höfum.

Hentar öllum aldri – ekki þörf á að taka diska með sér



## Ungmennafélagsreiðtúrinn

Miðvikudagskvöldið 12. júlí n.k. stefnum við á okkar árlega reiðtúr. Fararstjórar þetta árið verða feðgarnir Sveinn Orri og Einar í Egilsstaðakoti.

Mæting er fyrir kl 20 að gerðinu við gömlu Þjórsárbrúnnna, þar er hægt að taka hross af kerru og leggja á. Riðið verður upp með Þjórsá í landi Þjótanda.

Lengd reiðtúrsins ræðst af veðri og aðstæðum, en miðað er við að nóg sé að vera með einn hest. Ungmennafélagið mun bjóða upp á kaffi og svaladrykk á leiðinni og fólk getur sjálft haft með sér einhvern bita ef það vill.

Sjáumst sem allra flest, allir hestfærir velkomnir!

Stjórn Umf. Þjótanda



## Fréttir frá Umf Þjótanda

Þó sumarleyfi standi nú sem hæst hjá mörgum þá tekur stjórn Umf. Þjótanda sér ekkert frí. Mikið hefur verið um að vera það sem af er sumri og ýmislegt er á döfinni í júlí.

Tæplega 40 krakkar tóku þátt í tveggja vikna leikjanámskeiði í byrjun júní. Örvar og Unnur voru kennarar og höfðu þau sér til aðstoðar nokkra vaska unglinga úr vinnuskóla Flóahrepps. Námskeiðið endaði á frábærum hjóladegi í blíðskaparveðri þar sem krakkarnir hjóluðu frá Flóaskóla niður í Forsæti.

13. og 14. júní var HSK mót í frjálsum íþróttum á Selfossvelli. Þar átti félagið yfir 20 keppendur sem stóðu sig með þryði innan vallar sem utan. Einnig voru margir foreldrar sem aðstoðuðu við framkvæmd mótsins.



Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var haldinn hátíðlegur í Einbúa í blíðskaparveðri. Þjótandi, kvenfélögin og Flóahreppur stóðu saman að hátíðinni sem var í senn hátíðleg og skemmtileg. Nokkur ungmenni úr Þjótanda héldu utan um fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog og fórst þeim það mjög vel úr hendi. Þetta voru þau Guðmunda Bríet, Hanna Dóra, Sigurjón, Viðar Hrafn og Hjalti Geir. Vel gert krakkar. Fulltrúar Þjótanda í 17. júní nefndinni þetta árið voru þau Harpa Magnúsdóttir og Magnús Baldursson.

23.-25. júní átti Þjótandi 6 keppendur á Meistaramóti Íslands í flokkum 11-14 ára sem var haldið á Selfossi. Krakkarnir náðu fínnum árangri og skemmtu sér vel á milli greina. Boðið var meðal annars upp á hamborgaraveislu og sundlaugarpartý fyrir keppendur sem flestir tóku þátt í. Þá átti Þjótandi nokkra starfsmenn á mótinu sem söfnuðu með því tekjum fyrir félagið. Takk öll.

Sumaræfingar félagsins eru í fullum gangi. Leikjakvöld fyrir 13 ára og eldri á fimmtudagskvöldum og fyrir 7-12 ára á föstudagskvöldum. Guðmunda Bríet og Hanna Dóra halda utan um æfingarnar í sumar.

Við hvetjum fólk til að taka þátt í viðburðum félagsins sem eru framundan og auglýstir eru hér í blaðinu og einnig á Facebook síðu félagsins.

Stjórn Umf. Þjótanda

**UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ VERÐUR HALDIÐ Á  
SAUÐÁRKRÓKI 3.-6. ÁGÚST  
ÍÞRÓTTIR Á DAGINN OG TÓNLEIKAR Á KVÖLDIN  
FYLGIÐ MEÐ Á WWW.UMFI.IS**

**UMFÍ**

**UNGLINGA  
LANDSMÓT  
UMFÍ**

**SAUÐÁRKRÓKI  
3.-6. ÁGÚST**

**UMFSS**

**ALLT UM MÓTIÐ  
UMFÍ.IS**

# Íþróttafólk Umf Þjótanda hefur verið öflugt að keppa í frjálsum íþróttum í sumar. Hér komu úrslit frá nokkrum mótum.

## Meistarmót Íslands 15-22 ára 9.júní 2023 í Kópavogi

Þjótandi átti tvo keppendur á mótinu.

### Helgi Reynisson

8.sæti	11,46 sek	80 m hlaup
5.sæti	16,16 sek	80 m grind
4.sæti	1,57 m	Hástökk
2.sæti	2,30 m	Stangarstökk
6.sæti	4,91 m	Langstökk
4.sæti	10,48 m	Þrístökk
5.sæti	8,72 m	Kúluvarp 4 kg
5.sæti	30,84 m	Spjót kast 600gr

### Brynjar Jón Brynjarsson

3.sæti	9,58 m	Kúluvarp 7,26 kg
2.sæti	25,29 m	Kringlukast 2 kg

## Héraðsleikar HSK 13. júní 2023 á Selfossvelli

### 60m hlaup piltar 8 ára og yngri

1.sæti	11,05 sek	Kristján Þórarinn Andrason
3-4. sæti	12,42 sek	Haraldur Ólafarson
5. sæti	12,58 sek	Ernir Rafn Eggertsson

### 400m hlaup piltar 8 ára og yngri

1.sæti	1:32,79 min	Kristján Þórarinn Andrason
2. sæti	1:39,04 sek	Haraldur Ólafarson

### Langstökk piltar 8 ára og yngri

2.sæti	2,52 m	Kristján Þórarinn Andrason
4. sæti	2,09 m	Haraldur Ólafarson
5. sæti	1,92 m	Ernir Rafn Eggertsson

### Kúluvarp 2 kg piltar 8 ára og yngri

1.sæti	4,13 m	Kristján Þórarinn Andrason
4.sæti	2,98 m	Haraldur Ólafarson

### **60m hlaup piltar 9 ára**

1.sæti	10,85 sek	Páll Axel Axelsson
2.sæti	11,36 sek	Arnar Alex Reynisson
3.sæti	11,48 sek	Nikulás Tumi Ragnarsson
4.sæti	11,76 sek	Steinn Þorri Victorsson

### **400m hlaup piltar 9 ára**

1.sæti	1:31,98 mín	Páll Axel Axelsson
2.sæti	1:40,47 mín	Nikulás Tumi Ragnarsson

### **Langstökk piltar 9 ára**

1.sæti	3,06 m	Arnar Alex Reynisson
2.sæti	2,83 m	Nikulás Tumi Ragnarsson
3.sæti	2,53 m	Páll Axel Axelsson
4.sæti	2,45 m	Steinn Þorri Victorsson

### **Kúlvarp 2 kg 9 ára**

1.sæti	6,50 m	Páll Axel Axelsson
3.sæti	6,07 m	Nikulás Tumi Ragnarsson
4.sæti	5,88 m	Steinn Þorri Victorsson
5.sæti	5,67 m	Arnar Alex Reynisson

### **60m hlaup stúlkur 8 ára og yngri**

2.sæti	11,73 sek	Lilja Reynisdóttir
7.sæti	12,68 sek	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
11.sæti	13,81 sek	Greta Sóley Ingvarsdóttir

### **400m hlaup stúlkur 8 ára og yngri**

3.sæti	1:51,22 mín	Lilja Reynisdóttir
5.sæti	1:58,31 mín	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
9-10.sæti	2:14,40 mín	Greta Sóley Ingvarsdóttir

### **Langstökk stúlkur 8 ára og yngri**

6.sæti	2,03 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
--------	--------	----------------------------

### **Kúlvarp 2 kg stúlkur 8 ára og yngri**

4.sæti	3,58 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir
--------	--------	----------------------------

### **60m hlaup stúlkur 9.ára**

1.sæti	10,45 sek	Valgerður Björk Hlíðdal
5.sæti	13,13 sek	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

### **400m hlaup stúlkur 9.ára**

2.sæti	1:32,06 mín	Valgerður Björk Hlíðdal
3-4.sæti	1:41,34 mín	Ragnhildur Sara Andradóttir

### **Langstökk stúlkur 9.ára**

3.sæti	2,57 m	Valgerður Björk Hlíðdal
5.sæti	1,84 m	Ragnhildur Sara Andradóttir
6.sæti	1,82 m	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

### **Kúlvarp 2 kg stúlkur 9.ára**

3.sæti	4,58 m	Valgerður Björk Hlíðdal
4.sæti	3,72 m	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

## **Aldursflokkarmót HSK 13.júní 2023 á Selfossvelli**

### **60m hlaup piltar 11 ára**

1.sæti	9,89 sek	Kristján Reynisson
3.sæti	12,54 sek	Óskar Hansson

### **600m hlaup piltar 11ára**

1.sæti	2:17,07 mín	Kristján Reynisson
--------	-------------	--------------------

### **Hástökk piltar 11ára**

1.sæti	1,05 m	Kristján Reynisson
--------	--------	--------------------

### **Langstökk piltar 11ára**

1.sæti	3,55 m	Kristján Reynisson
--------	--------	--------------------

### **Kúlvarp 2 kg piltar 11ára**

1.sæti	8,19 m	Baldur Ragnar Ragnarsson
2.sæti	7,02 m	Kristján Reynisson

### **Spiótkast piltar 11ára**

1.sæti	14,48 m	Kristján Reynisson
3.sæti	14,04 m	Óskar Hansson
4.sæti	13,41 m	Baldur Ragnar Ragnarsson

### **Langstökk piltar 12ára**

4.sæti	3,42 m	Egill Ingi Nielsen Jakobsson
--------	--------	------------------------------

### **Kúlvarp 3 kg piltar 12ára**

3.sæti	6,78 m	Egill Ingi Nielsen Jakobsson
--------	--------	------------------------------

### **100m hlaup piltar 13 ára**

1.sæti	14,37 sek	Bjarki Rafn Reynisson
2.sæti	15,59 sek	Már Óskar Bjarnason
3.sæti	16,14 sek	Garðar Þór Jónsson



### **600m hlaup piltar 13ára**

1.sæti 2:17,82mín

Garðar Þór Jónsson

### **Hástökk piltar 13ára**

1.sæti 1,25 m

Már Óskar Bjarnason

2.sæti 1,10 m

Garðar Þór Jónsson

### **Langstökk piltar 13ára**

1.sæti 4,36 m

Bjarki Rafn Reynisson

2.sæti 4,01 m

Már Óskar Bjarnason

3.sæti 3,45 m

Garðar Þór Jónsson

### **Kúlvarp 2 kg piltar 13ára**

2.sæti 6,79 m

Már Óskar Bjarnason

### **Spjótkast piltar 13ára**

1.sæti 18,63 m

Már Óskar Bjarnason

### **Boðhlaup 4x100 piltar**

1.sæti 62,17 sek

Sveit Þjótanda

Már Óskar, Bjarki Rafn, Garðar Þór og Kristján



**60m hlaup stúlkur 11 ára**

1.sæti 9,90 sek Lilja María Axelsdóttir

**600m hlaup stúlkur 11ára**

1.sæti 2:20,96 mín Lilja María Axelsdóttir

**Hástökk stúlkur 11ára**

1.sæti 1,15 m Lilja María Axelsdóttir

**Langstökk stúlkur 11ára**

1.sæti 3,43 m Lilja María Axelsdóttir

**Kúlvarp 2 kg stúlkur 11ára**

3.sæti 5,85 m Lilja María Axelsdóttir

**Spiótkast stúlkur 11ára**

4.sæti 8,76 m Lilja María Axelsdóttir

## Meistarmót Íslands 11-14 ára 23.júní 2023 á Selfossvelli

**60m hlaup piltar 11 ára**

14.sæti 10,22 sek Kristján Reynisson

**400m hlaup piltar 11ára**

6.sæti 78,33 sek Kristján Reynisson

**Hástökk piltar 11ára**

12-15.sæti 1,01 m Kristján Reynisson

**Langstökk piltar 11ára**

7.sæti 3,71 m Kristján Reynisson  
23.sæti 2,25 m Óskar Hansson

**Kúlvarp 2 kg piltar 11ára**

3.sæti 8,64 m Baldur Ragnar Ragnarsson  
7.sæti 7,37 m Óskar Hansson  
9.sæti 6,95 m Kristján Reynisson

**Spiótkast piltar 11ára**

7.sæti 18,57 m Baldur Ragnar Ragnarsson  
13.sæti 15,63 m Kristján Reynisson

16.sæti 15,17 m Óskar Hansson

**60m hlaup stúlkur 11 ára**

6.sæti 9,95 sek Lilja María Axelsdóttir

**400m hlaup stúlkur 11ára**

3.sæti 76,23 sek Lilja María Axelsdóttir

**Hástökk stúlkur 11ára**

4.sæti 1,16 m Lilja María Axelsdóttir

**Langstökk stúlkur 11ára**

8.sæti 3,38 m Lilja María Axelsdóttir

**Kúlvarp 2 kg stúlkur 11ára**

7.sæti 5,16 m Lilja María Axelsdóttir

**Spiótkast stúlkur 11ára**

13.sæti 7,42 m Lilja María Axelsdóttir

**80m hlaup piltar 13 ára**

7.sæti 12,57 sek Már Óskar Bjarnason

9.sæti 12,74 sek Garðar Þór Jónsson

**300m hlaup piltar 13ára**

4.sæti 55,31 sek Garðar Þór Jónsson

**Hástökk piltar 13ára**

6-7.sæti 1,26 m Már Óskar Bjarnason

9.sæti 1,16 m Garðar Þór Jónsson

**Langstökk piltar 13ára**

4.sæti 3,88 m Már Óskar Bjarnason

10.sæti 3,26 m Garðar Þór Jónsson

**Kúlvarp 2 kg piltar 13ára**

8.sæti 6,60 m Garðar Þór Jónsson

**Spiótkast piltar 13ára**

6.sæti 19,60 m Garðar Þór Jónsson

8.sæti 16,37 m Már Óskar Bjarnason

## **Þjótandaæfingar í sumar**

Umf Þjótandi er með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk. Æfingarnar eru á föstudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjósárver. Þjálfarar eru þær Guðmunda Briet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Einnig eru leikjavöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 22.

Staðsetning er auglýst á facebook síðu félagsins hvert sinn.

## **Dagskrá mánaðarins:**

Frisbígolf við Flóaskóla	5. júlí
Íþróttæfing eldri	6. júlí
Íþróttæfing yngri	7. júlí
Reiðtúr Umf Þjótanda	12. júlí
Leikjavöld eldri	13. júlí
Íþróttæfing yngri	14. júlí
Fjölskylduganga kringum Ölkelduhnjúk	16. júlí
Leikjavöld eldri	20. júlí
Íþróttæfing yngri	21. júlí
Leikjavöld eldri	27. júlí
Íþróttæfing yngri	28. júlí
Unglingalandsmót á Sauðárkróki	3. - 6. ágúst